

Hafnarfjarðarbær
Bjarki Jóhannesson
Strandgata 8-10
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. nóvember 2013
Tilvísun:201311052 / 3.2

Efni: Lýsing tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, svæði norðan Ásbrautar

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 13. október 2013 (mótttekið 14. nóvember 2013), þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 1. nóvember 2013, vegna breytingar á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar er að breyta skilgreindri landnotkun á svæði norðan Ásbrautar milli Tjarnarvalla og Selhelli úr blandaðri notkun stofnanasvæðis og opins svæðis til sérstakra nota í athafnasvæði.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir málgögn og gerir hvorki athugasemdir við lýsingu á skipulagsverkefninu né áherslur í umhverfismati.


Hlynur Torfi Torfason